



# Fasteignaálagning Skorradalshrepps árið 2025

Skýringar á álagningu fasteignagjalfa og almennar tilkynningar. (**Alagningarseðlar eru inn á island.is**)

## 1. Fasteignaskattur

Álagning fasteignaskatts er gerð samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4, 30 janúar 1995 og breytingum á þeim lögum, en þar segir meðal annars:

*"Leggja skal árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári, sbr. þó 5. gr. Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.*

*Skatturinn skal vera sem hér segir:*

*a. Allt að 0,5% af álagningarástofni:*

*Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, úthús og mannvirki á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.*

*b. Allt að 1,32% af álagningarástofni:*

*Sjúkrastofhanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavistir, leikskóla, íþróttahús og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðaréttindum.*

*c. Allt að 1,32% af álagningarástofni:*

*Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnaði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.*

*Heimilt er sveitarstjórn að hækka um allt að 25% hundraðshluta þá, sem tilgreindir eru í 3. mgr. þessarar greinar, samkvæmt öðrum hvorum eða báðum staflíðum."*

**Sveitarstjórn ákvað á fundi 26. nóvember 2024 að skattprósenta A lækki en C-flokks verði óbreytt og eftirfarandi: Í A-flokki 0,40% og í C-flokki 1,28% skatthlutfall.**

## 2. Sorpgjald:, samkv. gjaldskrá nr. 352/2023

Sorpgjald ákvarðast af sveitarstjórn.

**Sorpgjald 1** 33.000 kr.

Lögbýli með búskap, tjaldsvæði og önnur atvinnustarfsemi.

**Sorpgjald 2** 28.000 kr.

Lögbýli án búskapar, íbúðir.

**Sorpgjald 3** 16.500 kr.

Frístundahús, fullgerð eða í byggingu samkvæmt HMS.

**Járna- og timburgámar eru staðsettir á milli Indriðastaða og Mófellstaða. Vinsamlegast setjið ekki þessháttar úrgang í lokuðu grænu gámanna, en þeir eru aðeins fyrir heimilisúrgang.**

**3. Gjald fyrir rotþróarhreinsun:, samkv. gjaldskrá nr. 351/2023, uppreiknað miðað við 1. janúar 2024.**

**Rotþróargjald** 18.332 kr.

**Rotþró minni en 6000 lítra.**

(Árið 2025 er innheimt 30% af gjaldinu vegna leiðréttigar á innheimtu. Sjá fundargerð hreppsnefndar 21. maí 2025)

Vísast annars í gjaldskrá um stærri rotþrær og eins með aukulosanir

**Lagt rotþróargjald á allar byggingar sem eru tengdar rotþró. Losað er 3 ára fresti, en svæðaskipt. Álagt rotþróargjald ársins er  $\frac{1}{3}$  af kostnaði við tæmingu á rotþró.**

**Hægt er að sjá hvenær rotþró var tæmd með að fara inn á kortavefsjá.**

**<https://www.map.is/skorradalur/> - Haka síðan við veitur í valgluggga þar.**

**Hægt að fá árlega losun, þar sem mikil notkun er s.s. félagabústaði, en þá margfaldast rotþróargjaldið með þremur. Beiðni um slíkt skal senda á [skorradalur@skorradalur.is](mailto:skorradalur@skorradalur.is)**

Ef athugasemdir eru varðandi álagningu fasteignagjalfa, þá sendast þær skriflegar til Skorradalshrepps.

Ef athugasemdir eru varðandi fasteignir eða mathluta, þá sendast þær til byggingafulltrúa Skorradalshrepps, Hvanneyrarbraut 3, 311 Borgarnes. S: 431-1020, netfang: [bygg@skorradalur.is](mailto:bygg@skorradalur.is)

## Innheimta:

Ef heildarálagning gjalda er undir kr. 60.000,- er einn gjalddagi, annars þrír.

Búið er að stofna innheimtukröfu/kröfur í heimbanka vegna gjaldadaganna. Greiðsluseðlar eru finnast undir rafrænum skjölum í heimbanka. Greiðslubanki er 0326. Ekki verða sendir út greiðsluseðlar en hægt að prenta út álagningarseðil á [island.is](http://island.is) og fara með hann í banka.

**Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga!**

**Eftir eindaga verður innheimtan sent Motus til innheimtu, og bætast við ítrekunargjöld samkvæmd gjaldskrá.**

Einnig er minnt á heimasíðu Skorradalshrepps [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is)